

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1990  
komudagur 3.4.2008

Nefndasvið Alþingis,  
Sjávarútvegsnefnd,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 2. apríl 2008

Efni: Umsögn um brottfall laga, nr. 116/2006, og væntanleg ný lög, mál nr. 147.

Frumvarpið kveður á um að núgildandi lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 falli úr gildi 1. september 2010 og þá taki gildi ný heildarlög um stjórn fiskveiða en frumvarp til þeirra laga skal undirbúið af nefnd sem í sitja 2 fulltrúar allra þingflokka.

Það er nú einu sinni svo að það er ekkert svo fullkomið í okkar heimi að ekki megi eitt og annað þar færa til betri vegar í ljósi reynslunnar; þar eru núgildandi lög um stjórn fiskveiða engin undantekning.

Hér er aftur á móti farið fram á það að VM leggi blessun sína yfir ný lög um stjórn fiskveiða, lög sem félagið hefur, á þessari stundu ekki minnstu hugmynd um hvaða efnisákvæði hafa að geyma. Til þess er félagið ekki tilbúið en væntir þess að væntanlegt frumvarp til nýrra laga verði sent félaginu til efnislegarar umsagnar þegar þar að kemur.

Virðingarfyllt,  
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna

  
-----  
Helgi Laxdal, varaformaður VM.